SAMÞYKKT

62
3. maí

fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga. Heimili þess og varnarþing er Ölfushreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Ölfushreppi:

Vindheimar, Hraun, Hraunhóll, Lágar, Hraunshjáleiga, Ytri-Grímslækur, Efri-Grímslækur, Hjalli, Lækur, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Hjalla-Krókur, Gerðakot, Bakki I, Bakki II, Riftún, Þóroddsstaðir I, Þóroddsstaðir II, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Eystri-Þurá II, Núpar I, Núpar II, Vötn, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Litli-Saurbær, Stóri-Saurbær, Reykir, Reykjahjáleiga, Sogn, Gljúfurholt, Kotströnd, Bakkárholtspartur, Bakkárholt I, Bakkárholt II, Ingólfshvoll, Strýta, Grænhóll, Egilsstaðir, Arnarbæli, Krókur, Stöðlar, Nýibær, Ósgerði, Auðsholtshjáleiga og Auðsholt.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast framkvæmd og starfrækslu á framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr., og koma í veg fyrir landsspjöll af völdum Varmár og Gljúfurholtsár (Sandár).
2. Að útvega nauðsynlegt fé, sem styrk og lán, til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kosin af aðalfundi til þriggja ára, svo og varamenn þeirra, og einnig tvo endurskoðendur. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti, og síðar í röð eftir starfsaldri ár hvert. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera og má sami maður eigi gegna þeim störfum báðum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða. Gjaldkeri sér um alla reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns. Stjórnarnefnd annast alla framkvæmd fyrirtækisins og starfrækslu þess milli aðalfunda. Hún sér um, að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera. Heimilt er stjórn félagsins að ráða eftirlitsmann með starfrækslu áveitunnar og viðhaldi hennar.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði samkvæmt ákvæðum 7. gr. Greiðslur fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara, með skriflegu fundarboði, sem gengur milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir febrúarlok ár hvert. Aðalfundur er því aðeins lögmætur, að mættir séu á fundinum félagsmenn, er fara með ⅘ af atkvæðum allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli samkvæmt 2. gr.

Nú mæta ekki svo margir félagsmenn að fundur geti talist lögmætur, skal þá stjórn félagsins innan hálfs mánaðar boða til nýs aðalfundar, með skriflegu fundarboði, og er þá fundur lögmætur án tillits til þess hve margir félagsmenn mæta. Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er kosin

62 stjórn og tveir endurskoðendur, og rædd þau mál, er félagið varða. Aukafund má
3. maí halda þegar félagsstjórnin eða meira en helmingur félagsmanna álítur þess þörf og hafa sent skriflega beiðni um það til félagsstjórnar.

6. gr.

Á kostnað áveitufélagsins skal gera alla aðalframræslu og áveituskurði, svo og nauðsynlegar stíflur í þá, ennfremur skal gera á kostnað félagsins þau mannvirki sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á Varmá og Sandá til að fyrirbyggja landsspjöll á engjalöndum af völdum ánna. Framkvæmdum og fyrirkomulagi mannvirkja skal haga samkvæmt áætlunum og uppdráttum jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands dags. 3. febr. 1937 og þeim viðaukum eða breytingum, sem af Búnaðarfélagi Íslands síðar kunna að verða gerðar.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem í 4. og 6. gr. er getið, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvembermán. ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu, en hæfilegt tillit skal þó taka til þess, ef einhver af jörðunum hefir sérstöðu gagnvart afnotum verksins, og fer um það eftir hagnaðarmati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

8. gr.

Stjórn félagsins hefir heimild til að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, er það hefir með höndum, og til tryggingar lánsfénu eða ábyrgð þeirri, sem þurfa kann vegna lánsins, veita veðrétt í býlum þeim, sem talin eru í 2. gr.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem greiða að fullu kostnað sinn jafnhliða því sem verkið er framkvæmt, eða setja aðra tryggingu, er félagsstjórn metur gilda. Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, er félagið tekur. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

9. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum milli einstakra félaga eða milli félagsstjórnar og einstaks eða einstakra félaga, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum, skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður skal skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 50—500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir renna í félagssjóð.

11. gr.

Lögum þessum má breyta á lögmætum fundi (aðalfundi), ef ⅘ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefir sett sér, eða þeir örðugleikar reynist á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og ⅘ greiddra atkvæða séu með því, og samþykki stjórnarráðs fáist um félagsslit.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.